

Skýrsla Æskulýðsdeildar Fáks

Veturinn 2010-2011

Kynningarfundur og uppskeruhátíð

Starfsár æskulýðsdeildarinnar byrjaði í janúar á kynningarfundum og uppskeruhátíð barna og unglinga. Uppskeruhátíðin var fjörug og skemmtileg. Veislustjóri var Bergljót Rist formaður æskulýðsdeildar. Hún lagði áherslu á alla smáu sigrana sem hver og einn uppsker í daglegri umgengni við hestana. Fulltrúar Æskulýðsdeildar stóðu upp og klöppuðu ungum Fáks félögum lof í lófa fyrir frábæra frammistöðu og ástundun. Valgerður Sveinsdóttir formaður Fáks verðlaunaði marga framúskrærndi knapa sem náð höfðu góðum árangri á keppnisvælinum. Sigurbjörn Bárðarson heiðraði samkomuna með hvetjandi ræðu og stór skemmtilegum sögum frá spennandi og glæsilegum ferli. Þá kom töframaðurinn Lalli og sýndi hin mögnuðustu töfrabrögð við mikinn fögnuð stórra og smárra. Brugðið var á leik og svo fengu allir pizzu og fleira góðgæti.

Námskeið:

- Almenn námskeið:

Á vegum Æskulýðsdeildar voru haldin Almenn námskeið fyrir börn á aldrinum 6-12 ára í Reiðhöllinni. Kennarar á námskeiðum voru Sif Jónsdóttir og Anna Lauga Auðunsdóttir.

- Knapamerkjanámskeið:

Í boði voru öll stig Knapamerkjakerfisins, með fyrirvara um næga þátttöku. Á fyrsta stig voru skráðir fimm unglingar, þrír á annað stig, tveir á þriðja stig, einungis einn á fjórða stig og fjórir á fimmta stig. Alls 15 unglingar. Kennarar á Knapamerkjanámskeiðum Fáks voru Róbert Petersen, Hrefna María Ómarsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Sif Jónsdóttir og Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir

- Keppnisnámskeið:

Í apríl og maí var haldið keppnisnámskeið kennslu og yfirumsjón með námskeiðinu hafði Sigurbjörn Bárðarson. Í barnaflokkum voru sex þátttakendur og í flokki unglinga voru í allt 12 þátttakendur. Námskeiðið var 10 skipti og var öll aðstaða á félagssvæði Fáks nýtt á besta veg, þ.e. félagsheimili, reiðhöllin og vellir. Tekin voru myndbönd af þátttakendum sem þannig gátu séð eigin ásetu og nýttist það vel við kennsluna.

Þemakvöld:

Í febrúar stóð Æskulýðsdeildin fyrir þemakvöldum í Reiðhöllinni. Farið var yfir umgengni reiðtygja og gátu börnin komið með reiðtygin sín og þrifið þau og borið á. Þannig endast reiðtygin mun lengur. Einnig tók Helga Björg Helgadóttir að sér að kenna öllum að búa til tókumúla. Frábært að sjá hvað allir voru vinnusamir og gengu glaðir út með glansandi reiðtygi – allt eins og nýtt!

Fjölskyldubingó:

Hið árlega Fjölskyldubingó var haldið í lok mars. Bingóið var að vanda vel sótt, glæsilegir vinningar í boði og mikil stemning. Fjöl mörg fyrirtæki styrktu bingóið með glæsilegum vinningum og þökkum við þeim öllum fyrir stuðninginn.

Fjáröflun:

Myllan brauðgerð gaf Fáksskrökkum hestanammi sem þau máttu nota til fjáröflunar. Það þurfti ekki að segja þeim það tvisvar heldur fóru þau í gang með að selja hestanammið í heshúsahverfunum við góðar undirtektir. Nokkrir unglingar seldu einnig hestanammi við sérstök tilefni s.s. þorablót og aðrar hátíðir. Hestanammi fjáröflunin var eyrnamerkt hverjum einstaklingi.

Dósum var einnig safnað af miklum dugnaði, bæði í reiðhöll, félagsheimili Fáks og í þartilgert söfnunarnet sem stendur við félagsheimili. Það bætti í dósahrúguna þegar einkafyrirtæki bætti í og kom með dósir sem safnast höfðu þar. Í lok mars mætti svo góður hópur dugnaðarforka til að flokka flöskur og dósir áður en Sigurður Svavarsson ók þessum dýrmaeta farmi á hestakerru rakleitt í endurvinnsluna. Alls söfnuðust við þetta tækifæri 49.266,- kr.

Hestadagar í Reykjavík:

Hátíðin Hestadagar í Reykjavík var haldin í fyrsta sinn í ár. Þar sem hátíðin Æskan og hesturinn féll niður þá var brugðið á það ráð að láta þessa hátíð fylla í það skarð. Hópreið var farin frá BSÍ, upp Laugaveg og endað í Húsdýragarðinum. Þarna gátu Fáksfélagar tekið þátt. Nokkur börn og unglingar nýttu sér það og fór ekki á milli mála að allir skemmtu sér hið besta enda mögnuð upplifun að ríða um götur miðbæjar Reykjavíkur. Bæði börn og unglingar úr Fáki tóku þátt í sýningu í Húsdýragarðinum undir stjórn Sifjar Jónsdóttur. Unglingarnir sýndu glæsileika og spennu og börnin mættu í fjölskrúðugum búningum eins og tíðkast hefur á Æskunni og hestinum. Þátttaka var langt frá jafn almenn og þegar hátíðin hefur verið í reiðhöllinni. Þau börn sem tóku þátt voru þó mjög ánægð en flest hörmuðu þó að Æskan og Hesturinn félli niður.

Óvissuferð:

Fararstjórn og skipulag óvissuferðar var að þessu sinni í höndum Ástu Björnsdóttur sem var upp full af frábærlega spennandi hugmyndum um ferðir en allt kom fyrir ekki að oftast en einu sinni sendi Æskulýðsnefndin frá sér tilkynningu um Óvissuferð en þátttaka var svo dræm að við urðum að hætta við. Það var þó ekki gefist upp enda það ekki félags andi Fáksara og því fór hluti Æskulýðsnefndar ásamt örfáum börnum og unglingum í skemmtilegan úrteiðartúr á Álftanesi þar sem þau heimsóttu hestamannafélagið Sóta. Þátttakendur létu mjög vel af ferðinni.

Líflandsmótið:

Stærsti viðburðurinn hjá æskulýðsdeildinni, Líflandsmótið var haldið laugardaginn 16. apríl. Fimm dómarar dæma keppnina en keppt er í tíu greinum, í polla-, barna-, unglinga- og ungmennaflokki. Þátttaka var góð að vanda og frábært að sjá hversu frábærir knapar og hestar eru hér á ferðinni í öllum flokkum. Mótið stendur allan daginn og krefst mikils undirbúnings og skipulagningar. Til að gera mótið sem glæsilegast hefur Lífland stutt dyggilega við bakið á Æskulýðsdeildinni með því t.d. að veita veglega vinninga. Kunnum við þeim hinar bestu þakkir. Fjölmargir sjálfboðaliðar leggja hönd á plóg til að gera svona keppni að veruleika og kunnum við þeim einnig hinar bestu þakkir fyrir frábæran félagsanda og samstöðu.

Æskulýðsdeild Fáks starfsárið 2010-2011:

Bergljót Rist, formaður

Ásta Björnsdóttir

Guðlaug Guðjónsdóttir

Jón Garðar Sigurjónsson

Unnur Gréta Ásgeirsdóttir

Pórey Sigurbjörnsdóttir

Pórlaug Hildibrandsdóttir

Æskulýðsdeildin þakkar öllum þeim fjölmörgu sem tóku virkan þátt eða studdu okkur í vetur.